



Lúxemborg, 30. maí 2002

Fréttatilkynning 06/02

Dómur í máli E-4/01 *Karl K. Karlsson hf. gegn íslenska ríkinu*

Ríkiseinkasala á áfengi – Skaðabótaskylda ríkisins samkvæmt EES-samningnum

Í ráðgefandi álit, sem látið var í té í dag, taldi EFTA-dómstóllinn að einkaréttur ríkisins á innflutningi á áfengi væri andstæður 16. gr. EES-samningsins og að ríkið gæti verið skaðabótaskyldt gagnvart mögulegum innflytjanda áfengis vegna tjóns sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna þess að slíkum einkarétti var viðhaldið eftir gildistöku EES-samningsins.

Hið ráðgefandi álit var látið í té vegna beiðni frá Héraðsdómi Reykjavíkur í tengslum við mál sem þar er rekið milli Karls K. Karlssonar hf. og íslenska ríkisins. Ágreiningurinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur varðar það hvort einkaréttur íslenska ríkisins á innflutningi og heildsöludreifingu áfengis sem var til staðar til 1. desember 1995 var andstæður EES-samningnum, en samningurinn tók gildi 1. janúar 1994. Stefndanda, Karl K. Karssyni hf., var á þessum tíma meinað að flytja inn og dreifa í heildsölu til smásöluaðila áfengistegundum sem hann hafði þá umboð fyrir. Karl K. Karlsson hf. höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og heldur því fram að einkaréttur íslenska ríkisins á innflutningi og heildsöludreifingu áfengis hafi verið andstæður EES-samningnum. og að íslenska ríkið væri skaðabótaskyldt vegna fjártjóns sem hann varð fyrir vegna þess að fyrirtækinu var meinað að flytja inn áfengi og dreifa í heildsölu. Héraðsdómur Reykjavíkur ákvað að senda EFTA-dómstólnum beiðni um ráðgefandi álit

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að einkaréttur ríkisins á innflutningi áfengis, sem var við lýði á Íslandi til 1. desember 1995 væri andstæður 16. gr. EES-samningsins. Dómurinn vísaði til niðurstöðu sinnar í máli E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir* varðandi meginregluna um skaðabótaskyldu ríkisins. Því var hafnað að slík meginregla um skaðabótaskyldu ríkisins væri á einhvern hátt háð því að jafnframt væri viðurkennd meginreglan um bein réttaráhrif EES-reglna. EFTA-dómstóllinn taldi að EFTA-ríki gæti verið skaðabótaskyldt gagnvart mögulegum innflytjanda áfengis vegna tjóns sem hann hafi orðið fyrir vegna þess að einkaréttinum var viðhaldið eftir að EES-samningurinn tók gildi. Að því er snertir skilyrði skaðabótaskyldunnar var talið að það að viðhalda einkarétti íslenska ríkisins eftir að samningurinn tók gildi væri nægilega alvarlegt brot til að leiða til skaðabótaskyldu, að því gefnu að önnur skilyrði skaðabótaskyldunnar væru fyrir hendi.

Dómurinn í heild, á ensku og íslensku, er að finna á slóðinni: www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa dómarnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Hér er um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.